

FYRIRSÆT FYLGJA

ICD-10 greiningar:

O44 Fyrirsæt fylgja tilgreind án blæðingar

O44.1 Fyrirsæt fylgja með blæðingu

Við 20 vikna ómskoðun er staðsetning fylgju metin. Ef fylgjan liggur lágt í leginu við 20 vikur og er nálægt eða yfir innra opi leghálsins er talað um lágsæta fylgju. Lágsæt fylgja greinist hjá um 4% kvenna við 20 vikna ómskoðun en aðeins 10% þeirra eru áfram með lágsæta eða fyrirsæta fylgju við 34 vikur.

Lágsæt fylgja veldur sjaldan einkennum á meðgöngu. Fyrirsætri fylgju fylgir hins vegar aukin blæðingarhætta, bæði á meðgöngu og í tengslum við fæðingu. Fjöldi blæðingartilvika á meðgöngunni eykur líkur á fæðingu fyrir tímann. Í ljósi aukinnar blæðingarhættu við fyrirsæta fylgju er oftast mælt með valkeisaraskurði 2-4 vikum fyrir áætlaðan fæðingardag. Aukin hætta er á að nýburinn þurfi innlögn á nýburadeild eftir fæðingu.

ÁHÆTTUÞÆTTIR

- Fyrri saga um fyrirsæta fylgju
- Fjölbyrja
- Fyrri keisaraskurður, áhættan eykst enn frekar með fjölda keisaraskurða
- Fjölburameðganga
- Fyrri aðgerð á legi
- Frjósemismeðferð
- Reykingar
- Aukin hætta með hækkandi aldri móður

SKILGREINING

Ef fylgja er lágsæt við 20 vikna ómskoðun er staðsetning hennar endurmetin við 34 vikur. Ef fylgjan er ≥ 3 cm frá innra opi legháls er ekki lengur um lágsæta eða fyrirsæta fylgju að ræða.

Lágsæt fylgja:

Fylgjan er > 2 cm en < 3 cm frá innra opi legháls

Fyrirsæt fylgja að hluta:

Fylgjan er ≤ 2 cm frá innra opi legháls

Fyrirsæt fylgja:

Fylgjan þekur innra op legháls

RÁÐLEGGINGAR Á MEÐGÖNGU

Ekki hefur verið sýnt fram á fyrirbyggjandi áhrif þess að forðast kynlíf eða líkamlegt erfiði á fyrri hluta meðgöngunnar ef konan er einkennalaus. Ef fylgjan er áfram fyrirsæt við 34 vikur er þó mælt með almennri varkárni, e.t.v. þarf konan að hætta að vinna ef starf er líkamlega erfitt, hætta í líkamsrækt og forðast samfarir.

Við blæðingu frá leggöngum, verki eða grun um byrjandi fæðingu ætti að hafa samband strax við fæðingadeild.

FÆÐING OG VAL Á FÆÐINGARSTAÐ

Eftirfarandi er lagt til grundvallar við ákvörðun um fæðingarmáta:

- Ef fylgjan er lágsæt hefur fylgjustaðsetning ekki áhrif á fæðingarmáta eða val á fæðingarstað
- Ef fylgjan er fyrirsæt að hluta er mælt með viðtali við fæðingarlækni
- Ef fylgjan er fyrirsæt er mælt með fæðingu með keisaraskurði

Mælt er með að konur með fyrirsæta fylgju fæði á sjúkrahúsi þar sem er fæðingarlæknir, svæfingarlæknir og nýburadeild.